

Ed.

242. Breytingartillögur

við frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá Jóni Baldvinsyni.

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar skal orða svo:
Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilað að reisa og reka raforkustöð við Sogið, til þess að vinna úr því o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
Ríkisstjórnin lætur á árunum 1933 og 1934 gera þær umbætur á vegum, er nota þarf vegna flutninga og aðdráttá við virkjunina. Til þessara umbóta leggur Reykjavíkurbær fram helming kostnaðar, og telst hann með kostnaði við byggingu orkuversins og greiðist jafnskjótt og lán er fengið til virkjunarinnar. Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, má ennfremur telja með kostnaði kaupverð vatnsréttinda þeirra í Efra-Sogi, sem Reykjavíkurbær hefir keypt af eigendum Úlfljótavatns. Þurfi vegna virkjunarinnar að gera brú á Efra-Sogið og veg frá henni vestan árinna, skulu þau mannvirki teljast til orkuversins.
3. Við 6. gr. Í stað „Efra-Sogi“ í 2. málslíð komi: Söginu.
4. Við 7. gr.
 - a. Síðasta málslíð 1. málsgre. skal orða svo:
Verði orkuverið reist við Efra-Sogið, skal með kostnaði við fyrstu aukningu samkvæmt þessari grein telja vatnsréttindi í Efra-Sogi fyrir landi Kaldárhöfða, með sömu upphæð og áður nefnd vatnsréttindi fyrir landi Úlfljótavatns.
 - b. Í stað „Efra-Sogi“ í síðustu málsgrein komi: Söginu.
5. Fyrirsögn frv. verði:
Frv. til laga um virkjun Sogsins.